

Fréttir af torgum: Verkefnið „Okkar mál“ fær hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar



Okkar mál


*Samstarf um menningu,
mál og lesi í Fellahverfi*

Meðal skólapróunarverkefna sem hlutu viðurkenningu Reykjavíkurborgar þetta árið er [Okkar Mál](#). Vefur verkefnisins er hýstur á [Tungumálatorginu](#) og því er stýrt af Þorbjörgu Þorsteinsdóttur, sem er jafnframt verkefnisstjóri Tungumálatorgs. Meðal aðila sem taka þátt í verkefninu eru leik- og grunnskólar og frístundamiðstöðvar í Fellahverfi, Þjónustumiðstöð Breiðholts og samstarf við menntavísindasvið HÍ hefur einnig verið mikið. Með verkefninu hefur skapast góð tenging milli menntavísindasviðs og vettvangs.



Fyrirlestur Barbara Jaworski: Getur stærðfræðikennsla verið tæki til að efla

mannréttindi?

Fimmtudaginn 6. júní heldur [Barbara Jaworski](#) prófessor í  stærðfræðimenntun við Háskólann í Loughborough í Bretlandi opinn fyrirlestur um stærðfræðinám og -kennslu á vegum [Flatar](#), samtaka stærðfræðikennara og [Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun](#) við [Menntavísindasvið Háskóla Íslands](#).

Stærðfræði hefur reynst mörgum nemendum erfið og oft verið talið að það sé einungis á færi sumra að verða góðir í stærðfræði. Í erindinu fjallar Barbara um rétt allra til að skilja stærðfræði og geta notað hana til þess leysa viðfangsefni sem mæta þeim í lífi og starfi. Hún beinir sjónum sérstaklega að kennslu, hvað það merkir að kenna stærðfræði, hvað einkennir góða stærðfræðikennslu og hvernig góð kennsla getur þróast til að styðja við nám allra nemenda.

Fyrirlesturinn verður í Bratta í húsnæði menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð fimmtudaginn 6. júní kl. 15-16 og eru allir velkomnir.



**Jón Torfi Jónasson, forseti
menntavísindasviðs HÍ, um
breytingar á menntakerfi og
menntun kennara**


Rætt var við Jón Torfa Jónasson, forseta menntavísindasviðs HÍ, í Speglinum í Ríkisútvarpinu í gær um breytingar í menntakerfinu. Jón Torfi segir að lenging kennaranáms hafi verið nauðsynleg vegna þess hve flókið kennarastarfið er. Einnig er rætt um brottfallstíðni í íslenskum skólum og segir Jón Torfi að þörf sé á að auka fjölbreytni í menntakerfinu þannig að það endurspegli betur þá vaxandi fjölbreytni sem er í íslensku atvinnulífi og samfélaginu í heild.



[Hægt er að hlusta á viðtalið á vef RÚV.](#)



Vefmálstofa um sýndarveruleika í skólastarfi sem fer fram í sýndarveruleika



Á morgun, miðvikudag 15. maí kl. 17-18 (að íslenskum tíma),

stendur [iTec](#) (Evrópskt samstarfsverkefni sem tengist European Schoolnet) fyrir [vefmálstofu um notkun sýndarveruleika í skólastarfi](#). Aðgangur er opinn öllum að kostnaðarlausu en þátttakendur þurfa að [skrá sig](#). Vefmálstofan fer sjálf fram í sýndarumhverfinu [EdMondo](#), sem hefur verið sérstaklega hannað með skólastarf í huga. Þátttakendur þurfa því að sækja og setja upp sérstakan hugbúnað til að geta tekið þátt.

Ath. að gott er að gefa sér svolítinn tíma til að undirbúa þátttöku. Þátttakendur þurfa fyrst að skrá sig sem EdMondo notendur ([sjá hér](#)). Svo sækja þeir sérstakan hugbúnað til þess að geta farið í sýndarveruleikaumhverfið (smellið fyrir [Makka](#) eða [Windows](#)).




Úthlutað úr þróunarsjóði námsgagna



Úthlutað var úr þróunarsjóði námsgagna í gær. Sjóðnum er ætlað að stuðla að nýsköpun í þróun og gerð námsefnis fyrir öll leik-, grunnskóla-, og framhaldsskóla. Til úthlutunar að þessu sinni voru 43 milljónir króna og sóttu 144 um. Þar af fengu 35 verkefni styrk. [Hér má sjá lista yfir verkefni sem fengu styrk.](#)



Nám og kennsla í náttúrufræðigreinum á 21. öldinni

Rannsóknarstofa um náttúrufræðimenntun efnir til [málþings um nám og kennslu í náttúrufræðigreinum á 21. öldinni](#), miðvikudaginn 5. júní 2013 kl. 9:30 – 16:30. 

Málþingið verður haldið í aðalbyggingu Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og er ætlað kennurum á öllum skólastigum. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, fyrirlestra, kynningar og smíðjur.

Aðalfyrirlesari málþingsins verður Michael Reiss prófessor við University of London.

[Dagskrá verður auglýst síðar á vef Náttúrutorgs.](#)



Menntabúðir vorið 2013 fyrir náttúrufræðikennara

[Náttúrutorg býður öllum náttúrufræðikennurum til menntabúða.](#)

Náttúrutorg



Þema menntabúðanna verður verkleg kennsla. Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar, en skipuleggjendur munu

tryggja að nóg áhugavert efni verði til reiðu. Það er engin nauðsyn að leggja eitthvað með sér, ef allir koma með eitthvað verður ekki tími til að komast yfir það allt svo velkomið er að skrá sig án þess að vera með innlegg.

Hvert framlag er vel þegið. Mörg lítil atriði safnast saman og skapa áhugaverðar Menntabúðir.

Miðvikudaginn 13. mars Menntabúðir um Efnafræði í Langholtsskóla kl. 15-18

Miðvikudaginn 10. apríl Menntabúðir um Eðlisfræði í Ölduselsskóla kl. 15-18

Miðvikudaginn 8. maí Menntabúðir um Líffræðin úti. í og við Norræna húsið kl. 15-17/18

[Frekari upplýsingar eru á vef Náttúrutorgs.](#)

